

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgrein 1. töluliðar 5. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna „Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú“ komi: Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1974.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðustu málsg. 4. gr. laganna komi:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

2. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkv. lögum nr. 68/1967 með breytingum nr. 19 1968 og nr. 42 1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutnings-

gjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973, um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld sbr. lög nr. 19/1973 innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 78. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til greiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum, sem settar eru

Endurprentað blað.